

Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu um húsnæði Listaháskóla Íslands

Listkennsludeild Listaháskóla Íslands/
Kristín Valsdóttir, deildarforseti

16. mars 2017

Mál nr. 143: Húsnæði Listaháskóla Ísland

Fyrir hönd listkennsludeildar Listaháskóla Íslands vil ég ítreka mikilvægi þess að varanleg lausn verði fundin á húsnæðisvanda Listaháskólans. Deildin styður því heilshugar þingsályktunartillögu um framtíðarlausnir í húsnæðismálum Listaháskólans.

Eins og víða hefur komið fram býr skólinn við óviðunandi húsnæði á mörgum stöðum í borginni.

Nemendur listkennsludeildar koma úr öllum listgreinum og sameinast í meistarnámi í kennslufræði og miðlun listgreina. Deildin er staðsett í Laugarnesi og deilir þar húsnæði með myndlistardeild. Það er sjálfgefið að tengsl listamanna í deildinni úr öðrum greinum en myndlist eru töluvert minni við sitt fagsvið, vegna fjarlægðar. Sú þverfaglega hugsun sem deildin byggir á líður þannig fyrir hversu dreift húsnæði Listaháskólans er.

Hluti nemenda deildarinnar eru í Söng- og hljóðfærakennslu sem er tveggja deilda meistaranám, þ.e. listkennsludeildar og tónlsitardeildar. Þurfa þeir nemendur að fara milli Sölvhólsgötu og Laugarnesvegjar nokkrum sinnum í viku.

Það er því ekki einungis um brýna þörf á nýju húsnæði að ræða vegna heilsuspillandi rakaskemmta og myglu, samfara engu aðgengi fyrir fatlað svo eitthvað sé nefnt, heldur stendur dreifð starfsemi skólastarfinu og þróun þess verulega fyrir þrifum.

Listaháskóli Íslands er eini háskólinn sem starfar á fræðsviði lista hér á landi og því brýnt verkefni að sameina starfsemi hans undir eitt þak, í byggingu sem þjónar starfsemi hans. Ekki einugis mun það vera fjárhagslega hagkvæmar í rekstri heldur er með því verið að byggja upp menningu og listir til framtíðar.